

**Fundargerð stjórnar BÍS 05/2015. miðvikudaginn 4. mars 2015 kl. 17:30 í Skátamiðstöðinni, Hraunbæ 123, 110, Reykjavík.**

**Mættir:**

Bragi Björnsson, skátahöfðingi, Fríður Finna Sigurðardóttir, aðstoðarskátahöfðingi, Jón Þór Gunnarsson, formaður alþjóðaráðs, Unnur Flygenring, formaður dagskráráðs, Kristinn Ólafsson, formaður fjármálaráðs, Ólafur Proppé, formaður fræðslaráðs, Bergþóra Sveinsdóttir, formaður ungmennaráðs, Gunnlaugur Bragi Björnsson, formaður upplýsingaráðs, Hermann Sigurðsson, framkvæmdastjóri og Júlíus Aðalsteinsson, félagsmálastjóri.

**Dagskrá:**

1. Setning: Bragi, setti fund og bauð fundarmenn velkomna. Sérstaklega bauð hann HS velkominn til starfa á ný.
1. Fundargerð síðasta fundar: Samþykkt
2. Skátaþing: Farið var yfir þau gögn sem senda skal út fyrir lok vikunnar.
  - a. Drög að dagskrá Skátaþings: Fyrirliggjandi drög samþykkt og settar saman tillögur að efni umræðuhópa.
  - b. Drög að skýrslu stjórnar: Fyrirliggjandi drög samþykkt.
  - c. Drög að ársreikningi: HS og KÓ kynntu fyrirliggjandi drög. HS mun senda þau til stjórnar. Samþykkt að senda þau út ef ekki berast athugasemdir frá stjórnarmönnum.
  - d. Fjárhagsáætlun: Fjárhagsáætlun var samþykkt á fundi 26/2014.
  - e. Tillaga að árgjaldi: Samþykkt að leggja til óbreytt árgjald kr. 400,-
  - f. Drög að starfsáætlun til fimm ára: Starfsáætlun var samþykkt á fundi 26/2014.
  - g. Tillögur til lagabreytinga: Fram eru komnar tillögur frá laganefnd, ungmennanæþingi og tveim hópum skáta.
  - h. Tillögur frá skátafélögum, stjórn BÍS, ráðum þess og nefndum: Komnar eru fram tillögur til þingsályktunar frá ungmennanæþingi, tillaga um lengdan framboðsfrest frá uppstillingarnefnd og tillaga frá stjórn BÍS um málsmeðferð við afgreiðslu lagabreytinga á Skátaþingi 2015.
  - i. Kynning á þeim frambjóðendum sem í kjöri verða á þinginu: Uppstillingarnefnd mun skila sínum gögnum til Skátamiðstöðvarinnar á föstudag, eftir að framlengdur framboðsfrestur rennur út.
3. Önnur mál
  - a) Kvölddagskrá Fossbúa á Skátaþingi: Skátamiðstöðinni er falið að ræða við Fossbúa um að skemmtunin verði vímulaus.
  - b) Forvarnarstefna BÍS: BB leggur fram drög í byrjun júní.
  - c) Árbæjarsafn: BB hefur óskað eftir því við Guðna Gíslason að hann verði tengiliður við safnið. BB mun senda tillögur til stjórnar.
  - d) Úlfljótsvatnsráð: Jónatan Smari Svavarsson, formaður ÚVR hyggst óska eftir lausn frá störfum á aðalfundi. Stjórn þakkar honum fyrir vel unnin störf.

- e) Úlfljótuvatn: BB er búinn að skrifa undir samkomulag um land Starfsmannafélags Reykjavíkur. Heilmikil vinna er eftir við frágang skjala og þinglýsingar.
- f) Viðmið vegna umræðu í framboðum: Rætt var um tillögur vinnhóps sem skilaði af sér til stjórnar í október sl. Samþykkt var að fresta umræðu um skjalið og skal henni lokið fyrir 1. júní 2015. Skátamiðstöðinni falið að birta leiðbeinandi reglur fyrir frambjóðendum. HS heimilt að loka fyrir aðgang sjálfboðaliða að félagatali BIS fram yfir Skátaping. JA sendir tillögu til stjórnar sem sendir athugasemdir til baka fyrir hádegi á föstudag.
- g) Fulltrúar á Norræna skátapingið 2015: JÞG minnti á tilnefningar fulltrúa.
- h) Sumardagurinn fyrsti: KÓ kynnti tillögur frá sér og Hauki Haraldssyni. Stjórn fagnar vinnunni og felur KÓ að hafa samband við mögulegan fulltrúa í vinnuhóp.
- i) BP Fellowship: BB óskar eftir heimild til að kanna möguleika BIS á að halda ársfund samtakanna á Íslandi og í hverju verkefnið er fólgið. Samþykkt.

Fleira ekki rætt.

Fundi slitið 20:45,  
fundargerð ritaði JA